

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 24. september 2024
UST202409-139/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Stóra-Ármót - stækkun íbúðarbyggðar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna stækkunar íbúðarbyggðar í Stóru-Ármót.

Í greinargerð kemur fram að með breytingunni sé áætlað að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á svæði sem skilgreint er sem hraun af Náttúrufræðistofnun Íslands og nefnist það Þjórsárhraun.¹

Umhverfisstofnun bendir á að nútímahraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðisvæða, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Verndun votlendis

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi hafa margvíslegt gildi og því er mikilvægt að vernda það. Það má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.

Mikið hefur verið gengið á votlendi Íslands á undanförunum áratugum með framræslu sem að hluta til var styrkt úr opinberum sjóðum. Nú er staðan þannig að tiltölulega lítið er eftir af óröskuðu votlendi á láglandi og sem dæmi um það má nefna að aðeins 3% alls votlendis á Suðurlandi er eftir óraskað.²

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

² <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>